

Fimmtudaginn 11. júní 1998.

Nr. 134/1998.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson
vararíkissaksóknari)
gegn

Jónasi James Norris

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Þjófnaður. Skilorðsrof. Skaðabætur. Frávísun máls að hluta frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 17. mars 1998. Af hálfu ákærvalds er endanleg krafa sú, að héraðsdómur verði staðfestur.

Ákærði krefst þess, að sér verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfi, svo og, að gæsluvarðhaldstími hans komi til frádráttar refsingu með fullri dagatölu. Þá krefst ákærði þess, að öllum skaðabótakröfum á hendur sér verði vísað frá héraðsdómi nema kröfu Antons Þ. Guðmundssonar, að fjárhæð 65.000 krónur.

Niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu ákærða er ekki til endurskoðunar. Refsing hans verður að ákveða með tilliti til 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 auk þeirra ákvæða sömu laga, sem vísað er til í hinum áfrýjaða dómi. Með þessari athugasemd verður niðurstaða héraðsdóms staðfest um ákvörðun refsingar. Fyrir Hæstarétti er fram komið, að ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna málsins frá 22. janúar til 18. mars 1998. Skal sá tími koma að fullu til frádráttar refsingu ákærða.

Í héraðsdómi var lagður efnisdómur á bótakröfur fjögurra aðila á hendur ákærða. Af þeim viðurkenndi ákærði eina, en mótmælti öllum öðrum bótakröfum. Í kröfu Handprjónasambands Íslands er meðal annars krafist bóta vegna nokkurs fjölda muna, sem ákærði hefur ekki gengist við að hafa tekið í verslun þess og ákæra nær ekki skýrlega til. Milli fyrirbyggjandi sundurliðunar bótakröfu Ásgeirs Þormóðssonar og III. liðar ákæru gætir ósamræmis um þá

hluti, sem ákærði er sakaður um að hafa tekið í innbroti í sölu-
turninn Ríkið. Bótakrafa Kristins M. Einarssonar vegna skemmda á
dyrum verslunarinnar Hlíðakjörs er ekki studd við viðhlítandi gögn.
Samkvæmt þessu verður framangreindum þremur bótakröfum vísað
frá héraðsdómi. Fyrir Hæstarétti er hvorki til endurskoðunar niður-
staða héraðsdóms um frávísun bótakröfu Ögmundar Skarphéðins-
sonar né um skyldu ákærða til að greiða Antoni Þ. Guðmundssyni
65.000 krónur í bætur. Í síðastgreindri bótakröfu er þess ekki getið,
frá hvaða degi tjónþoli krefjist dráttarvaxta. Verða vextir af kröf-
unni því ákveðnir samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. jan-
úar 1998 til uppsögu héraðsdóms 18. febrúar sama árs, en dráttar-
vextir dæmdir frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað. Ákærði
verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo
sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jónas James Norris, sæti fangelsi í 18 mánuði. Til
frádráttar refsivistinni komi gæsluvarðhald, sem ákærði sætti
frá 22. janúar til 18. mars 1998.

Bótakröfum Handprjónasambands Íslands, Ásgeirs Þor-
móðssonar og Kristins M. Einarssonar er vísað frá héraðs-
dómi.

Ákærði greiði Antoni Þ. Guðmundssyni 65.000 krónur með
0,9% ársvöxtum frá 8. janúar 1998 til 18. febrúar sama árs, en
með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987
frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um frávísun kröfu Ögmundar Skarp-
héðinssonar og um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin
saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun
skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sig-
urðssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1998.

Ár 1998, miðvikudag 18. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-115/1998: Ákærvaldið gegn Jónasi James Norris, en málið var dómtekið 13. þ. m. á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Málið er höfðað með ákæru, dags. 3. febrúar 1998, á hendur „Jónasi James Norris, kt. 230762-5549, Bárugötu 22, Reykjavík, fyrir eftirgreinda þjófnaði, framda í Reykjavík á tímabilinu frá 2. desember 1997 til 22. janúar 1998:

I.

Aðfaranótt þriðjudags 2. desember brotist inn í verslun Handþrjónasambandsins, Skólavörðustíg 22, og stolið myndsendi, nokkru magni af lopapeysum og um 5.000 krónum í mynt.

II.

Aðfaranótt þriðjudags 9. desember brotist í þjófnaðarskyni inn í Hafnarhúsið, Tryggvagötu 17, brotið þar upp þrennar dyr og reynt á skrifstofu Hapdrættis Háskóla Íslands á 1. hæð hússins að rjúfa peningaskáp með slípirokki, en lögreglumenn komu að ákærða á vettvangi.

III.

Að morgni mánudags 5. janúar brotist inn í söluturninn Ríkið, Snorrabraut 56, og stolið 12.000 krónum í reiðufé, 31 vindlapakka og 348 vindlingapökkum.

IV.

Aðfaranótt fimmtudags 8. janúar í þjófnaðarskyni brotið upp lás í aðaldyrum verslunarinnar Hlíðakjörs, Eskihlíð 10, en horfið af vettvangi, er þjófavarnarkerfi verslunarinnar fór í gang.

V.

Að morgni fimmtudags 8. janúar brotist inn í verslunina Kaupmanninn á horninu, Stórholti 16, og stolið 21 vindlingalengju og rafhlöðum, samtals að verðmæti 78.960 kr., og smámynt úr peningakassa.

VI.

Aðfaranótt fimmtudags 22. janúar brotist inn í arkitektastofu Ögmundar Skarphéðinssonar á 3. hæð hússins nr. 3 við Laugaveg og stolið tölvuskjá, en lögreglumenn komu að ákærða á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og háttsemin samkvæmt ákæruliðum II og IV jafnframt, sbr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefjast eftirgreindir skaðabóta:

Ögmundur Skarphéðinsson, kt. 230158-6149, 215.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 22. janúar, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Kristinn Már Einarsson, kt. 030476-2989, 39.561 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 8. janúar 1998, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Ásgeir Þormóðsson, kt. 200945-4339, 147.772 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 5. 1. 1998, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Bryndís Einarsdóttir, kt. 311051-3779, vegna Handprjónasambandsins, 320.500 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 2. 12. 1997, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Anton Þorvar Guðmundsson, kt. 270471-3909, 65.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 8. janúar, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.“

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar, sem lög leyfa, og að gæsluvarðhald ákærða komi með fullri dagatölu frá dæmdri refsivist, ef dæmd verður. Þess er krafist, að skaðabótakröfum verði vísað frá dómi utan kröfu, er ákærði samþykkti. Þá er krafist málsvarnarlauna að mati dómsins.

Misritun er í I. kafla ákæru, þar sem segir, að innbrotið hafi verið að Skólavörðustíg 22, en samkvæmt gögnum málsins mun þar eiga að standa Skólavörðustíg 19. Þessi misritun kemur ekki að sök.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dóminum að hafa gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í öllum köflum ákæru.

Sannað er með skýlausri játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem í öllum sex köflum ákæru greinir, og eru brotin rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði hefur hlotið 21 refsídóm frá árinu 1978. Hann hefur 16 sinnum hlotið dóma fyrir þjófnað. Samanlögð óskilorðsbundin refsivist ákærða er tæp átta ár. Síðast hlaut ákærði dóm í nóvember 1996, fangelsi í átta mánuði fyrir þjófnað. Sá dómur var staðfestur í Hæstarétti í maí sl. Hinn 21. október sl. hlaut ákærði reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, 80 dögum. Rúmum mánuði síðar, 2. desember sl., rauf ákærði skilorð reynslulausnarinnar, og ber nú að taka hana upp og dæma með sakarefni máls þessa og gera ákærða refsingu í einu lagi. Er refsing ákærða ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða, sem er síbrotamaður, er einnig ákvörðuð með hliðsjón af 71. og 255. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði gekkst hreinskilnislega við brotum sínum, og er það virt til refsilækkunar. Refsing ákærða þykir hæfilega ákvörðuð fangelsi í 18 mánuði. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga skal draga frá refsivistinni gæsluvarðhald ákærða, sem staðið hefur óslitið frá 22. janúar 1998.

Ákærði hefur hafnað öllum skaðabótakröfum utan kröfu að fjárhæð 65.000 kr. frá Antoni Þorvari Guðmundssyni, og er ákærði dæmdur til að greiðslu þeirrar kröfu auk vaxta, svo sem í dómsorði greinir.

Skaðabótakrafa Ögmundar Skarphéðinssonar, að fjárhæð 215.000 kr., sundurliðast þannig, að tjón á inngangshurð er áætlað 50.000 krónur, skemmdir á tölvuskjá, sem er að verðmæti u. þ. b. 150.000 krónur, skemmdir á tölvutenglum, að fjárhæð a. m. k. um 10.000 krónur, gólfmottur um 5.000 kr., samtals 215.000 krónur auk vaxta, eins og lýst er.

Einstakir kröfuliðir eru reistir á áætluðu tjóni og styðjast ekki við fullnægjandi gögn, og hefur ákærði mótmælt kröfunni. Eins og krafan er úr garði gerð, ber að vísa henni frá dómi.

Skaðabótakrafa frá Kristni Má Einarssyni vegna skemmda, er ákærði vann við innbrotið, sem lýst er í IV. kafla ákæru, er sundurliðuð og studd fullnægjandi gögnum. Kröfunni er í hóf stillt, og ber ákærði ábyrgð á því tjóni, sem krafist er, að bætt verði. Er hann dæmdur til greiðslu kröfunnar auk vaxta, eins og í dómsorði greinir, en vaxtakröfu er ekki andmælt.

Skaðabótakrafa Ásgeirs Þormóðssonar vegna tjóns á vöru, sem ekki var skilað, svo og vegna vöru, sem metin var ónýtt, nemur 133.402 krónum. Þá er krafist bóta, að fjárhæð 14.370 kr., vegna viðgerðar á hurð, samtals 147.772 krónur. Allt eru þetta kröfuliðir, sem ákærði hefur viðurkennt að hafa verið valdur að, og er krafan studd nægum gögnum. Er ákærði gegn andmælum dæmdur til greiðslu kröfunnar auk vaxta, eins og í dómsorði greinir, en vaxtakröfu var ekki andmælt.

Krafa Handprjónasambandsins, að fjárhæð 320.500 kr., sundurliðast þannig, að 292.550 krónur eru vegna 45 peysna, 25.000 krónur vegna myndsendis og 3.000 krónur vegna skiptimyntar. Dómurinn telur ákærða bera ábyrgð á öllu þessu tjóni, og ber honum að greiða kröfuna auk vaxta, eins og í dómsorði greinir, en vaxtakröfu var ekki andmælt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 60.000 krónur í málsvarnarlaun Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, en ekki eru dæmd saksóknarlaun, þar sem málið var flutt á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991, en Guðjón Magnússon fulltrúi flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jónas James Norris, sæti fangelsi í 18 mánuði, en frá refsivistinni skal draga óslitið gæsluvarðhald frá 22. janúar 1998.

Ákærði greiði eftirtöldum skaðabætur:

Kristni Má Einarssyni, kt. 030476-2989, 39.561 krónu ásamt vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga frá 8. janúar 1998, en síðan með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Ásgeiri Þormóðssyni, kt. 200945-4339, 147.772 krónur ásamt vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga frá 5. janúar 1998, en síðan með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Bryndísi Einarsdóttur, kt. 311051-3779, vegna Handprjónasambandsins, 320.500 krónur ásamt vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga frá 2. desember 1997, en síðan með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Antoni Þorvari Guðmundssyni, kt. 270471-3909, 65.000 krónur ásamt vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga frá 8. janúar 1998, en síðan með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Skaðabótakröfu Ögmundar Skarphéðinssonar er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 60.000 kr. í málsvarnarlaun Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.